

Stígamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is

Ritstýrur:

Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir

Tölfræðiúrvinnsla:

Ingibjörg Þórðardóttir

Forsíða: Hvíta húsið auglýsingastofa

Myndataka: ýmsar starfskonur

Prentun: Prentmet

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 20. starfsári Stígamóta. Bæði er sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfi og hugmyndafræðinni að baki starfinu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta. Um tölulega samantekt sá Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit

bls.

Stofnun og hugmyndafræði	4
Innra starfið.	5
Hugmyndafræðin	5
Skipulag og starfshópur	5
Framkvæmdahópur	5
Fjárhagslegur grundvöllur eftir hru	6
Styrkveitingar, safnanir og fjárframlög	6
Fyrirtækið SIP gaf simkerfi	6
Equality Now! styrkti Stígamót	7
Kristínarsjóður	7
Listasýningar í húsnæði Stígamóta	7
8. mars	7
Sjálfs hjálparstarfið.	8
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf.	8
Um sjálfs hjálparhópana	8
Opnir 12 spora fundir	8
Símabjónusta.	9
Þjónusta við konur í vændi	9
Börn og unglingar	9
Stígamót á staðinn	9
Sérverkefni Stígamóta í mansalsmálum	10
Fræðsla og kynning.	10
Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk	10
Ýmiskonar samstarf	10
Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum.	11
Erlendar heimsóknir	11
Samskipti við fjölmiðla	11
Þátttaka í opinberum nefndum og ráðum	11
Jafnréttisráð	11
Metnaðarfull aðgerðaáætlun gegn mansali	12
Sérfræðinga og samhæfingarteymi gegn mansali	12
Samkv.lögum er bannað að kaupa vændi	12
Réttlætisviðurkenningar Stígamóta	13
Undirbúningur f. 35 ára afmæli Kvænnafrídagsins 2010	15
Alþjóðastarf.	16
Tengsl heilsu og ofbeldis	16
Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby	16
Norrænar konur gegn ofbeldi	16
Samtök kvænnaathvarfa í heimskaualöndum	17
Alþjóðasamtök kvænnaathvarfa á teikniborðinu.	17
Fundað með konum frá Austurlöndum nær	17
Fundur með Rashida Manjoo umboðskonu Sameinuðu þjóðanna	17
Kynjað ofbeldi – rannsóknaráðstefna í Svíþjóð	18
Fundur í norrænu kvænnaathvarfahreyfingunni	18
Mansalsráðstefna í Istanbul	18
Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum.	19
Tölulegar upplýsingar	20
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	27
Um ofbeldisverkin	30
Kærð mál.	40
Fordómar og staðalímyndir	41
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	42
Aðstandendur	44

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



Dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvenna-samtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðis-tengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspegla þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonum Stígamóta fækkaði á árinu og hafa í nokkur ár ekki verið færri. Þær Kristbjörg Kristjánsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir sem verið höfðu í leyfi frá störfum komu ekki aftur. Thelma Ásdísardóttir lét af störfum og er þeim öllum þakkað fyrir það mikilvæga starf sem þær unnu.

Aðrar starfskonur voru þær Björg G. Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Karen Linda Eiríksdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópum og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.

Að vanda var leitast við að rækta starfsandann. Dagana 2.-3. júní voru haldnir starfsdagar í sumarhúsi í Biskupstungum og var þemað „Draumavinnustaðurinn okkar“. Í lok nóvember hélt starfshópurinn matarboð til þess að fagna loknum áföngum og krefjandi sérverkefnum.

Leitast var við að efla tengsl starfshóps, framkvæmdahóps og leiðbeinenda. Þetta var m.a. gert með sameiginlegum fundum allra aðila þar sem lagt var á ráðin um nánara samstarf. Hópurinn hélt sumarhátíð í Nauthólsvík þann 29. maí og boðið var upp á hópefli á Stígamótum þann 12. september.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Björg Guðrún Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Oddný Lára Eiríksdóttir og Theodóra Þórarinsdóttir.



Frá sumarhátíðinni í Nauthólsvík

Fjárhagslegur grundvöllur eftir bankahrun

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og

sveitarfélögum. Eftir bankahrun veiktist fjárhagsstaðan. Stígamót misstu rúma hálf milljón af rekstrarfé í Landsbankanum og erfiðara var að ná í styrki og aðstoð. Brugðist var við af ábyrgum hætti. Byrjað var á að lækka laun tímabundið um 10%, yfirvinna var tekin út og tímabundið var lagt niður starf sjálfshjálparhópanna. Það reyndist ekki nóg. Stöðugildum var fækkað um tvö og leggja varð niður starfsemi Stígamóta utan höfuðborgarsvæðisins.

Mikið áfall, en leiðarljósið var að verja sjálfshjálparstarfið eins og hægt var. Það segir sig sjálft að slíkur niðurskurður á starfskröftum hlaut að auka álagið á þær sem eftir voru og vinnuálagið var mikið.

Styrkveitingar, safnanir viðurkenningar



Ungir jafnaðarmenn komu færandi hendi í heimsókn

Félag ungra jafnaðarmanna veitir á hverju ári velferðarverðlaun fyrir starf í þágu velferðarsamfélagsins. Í ár heimsótti þessi fríði flokkur Stígamót og veittu talskonu þeirra velferðarverðlaun 2009.

Þó þrengra væri í búi en áður eiga Stígamót enn mikið af velunnurum. Maður sem ekki vill láta nafns síns getið, óskaði eftir því að styrkja starfið þannig að það nýttist konum með beinum hætti. Það var sérlega ánægjulegt að geta þrisvar sinnum vikið 100.000 krónum að konum sem voru að brjótast út úr vændi og sýna þeim þannig að við tryðum á þær. Þessum herraþingi er þakkað fyrir rausnarskapinn.

Tvær safnanir áttu sér stað fyrir Stígamót. Annars vegar voru Stígamót ein af 5 samtökum sem Jólþorpið í Hafnarfirði safnaði fyrir og var hlutur Stígamóta rétt innan við 300.000 kr.

Útvarpsstöðin Xið hélt tónleika fyrir jól og var allur aðgangseyrir gefinn Stígamótum og var upphæðin rúmlega 500.000 kr. Allt þetta ber að þakka.

Fyrirtækið SIP gaf Stígamótum nýtt sérhannað símkerfi að verðmæti kr. 700.000

Símkerfið er hannað að þörfum Stígamóta. Það gerir kleift að flokka innhringd símtöl á einfaldan hátt á meðan á símtali stendur eftir eðli þess. Tryggt er að símanúmer þeirra sem hringja inn birtist ekki og verður ekki hægt að kalla fram þær upplýsingar. Stígamót geta hins vegar kallað fram eftir þörfum skýrslur með mikilvægum tölfræðiupplýsingum. Gleymist að flokka símtalið fær starfskonan sjálfkrafa áminningu að samtali loknu sem tryggir að flokkun eigi sér stað.

Ríkir mikil gleði með hið notendavæna símkerfi sem auðveldar gagnasöfunina. Er SIP mönnum þakkaður rausnarskapurinn og óskað alls hins besta.



SIP menn og starfskonur við opnun símkerfisins

Equality Now! styrkti starfið um 10.000 dollara

Á árinu barst óvæntur glaðningur frá alþjóðasamtökunum Equality Now! sem höfðu styrkt Stígamót árið áður. Um var að ræða viðurkenningu fyrir vel unnin störf í grasrótinni á sviði mansalsmála. Væntanlega nutu Stígamót góðs af baráttu sinni fyrir að banna með lögum kaup á vændi á Íslandi.

Bréfið kom eins og himnasending einmitt þegar verið var að leita leiða til þess að halda starfinu gangandi. Starfskonur þurftu að kvitta fyrir móttöku fjáris og skreyttu skjalið með viðeigandi hætti, eins og sjá má hér til hliðar.

Einnig má nefna að Stígamótum var tíu sinnum á árinu boðið að senda talskonu sína til útlanda til þess að halda erindi um ýmis mál tengd starfinu, svo alþjóðasamfélag kvennahreyfingarinnar sýndi Stígamótum margt konar vinsemd.



Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonu. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn. Stærst var gjöf Zontakvenna sem seldu 8000 rósanælar árið 2003 og söfnuðu þannig 3 milljónum króna. Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Það hefur marg oft sýnt sig að sjóðurinn hefur virkilega komið að gagni fyrir okkar konur á ögurstundum en frá því verður ekki greint nánar.

Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Þegar að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 komst á skemmtilegt samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér hver sitt herbergið í ársfóstr. Þannig hafa sjö listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Í stofunni voru listaverk eftir Sigrúnu Eldjárn. Í herbergjunum voru þær Anna G. Torfadóttir, Elsa Nielsen, Guðný J. Kalsdóttir, Halldóra Emilsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir og Sóley Jónsdóttir.

Listaverkin hafa átt mikilvægan þátt í að skapa fallegt og frjótt umhverfi fyrir starfseminu og eiga listakonurnar heiður og þakkir skilið fyrir framlag sitt til starfsins.

Þann 8. mars var 19 ára afmæli fagnað og ársskýrslan kynnt

Að venju hófst dagurinn með blaðamannafundi þar sem ársskýrslan var kynnt og ársreikningar lagðir fram. Eftir það var húsið opnað gestum og gangandi og undir kvöld var listakonu og aðstandendum þeirra boðið á formlega opnun listasýningarinnar.

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Stuðningur starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala.



Stund milli stríða. Björg og Karen með Tjöru og Olla.

Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálfst ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Árið 2009 voru veitt 1933 einstaklingsviðtöl hjá Stígamótum.

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfsemi. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum en einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Í þessum hópum koma brotáþolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana og árið 2007 bættist fyrsti karlinn í hópinn. Leiðbeinendur á árinu voru þær Björg G. Gísladóttir, Thelma Ásdísardóttir, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Sigríður B. Sigurðardóttir og Karen Linda Eiríksdóttir. Aðstoðarleiðbeinendur voru Nanna Ingibjörg Jónsdóttir og Ester Ösp. Hóparnir voru tíu alls, þar af einn í Vestmannaeyjum og einn opinn hópur fyrir stúlkur á aldrinum 15 – 18 ára. Sá hópur var leiddur af Karen Lindu og þátttakendur höfðu leyfi foreldra sinna til þátttöku.

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Að þessu sinni var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 12.-13. september á Stígamótum. Farið var vel yfir hugmyndafræði Stígamóta og þá sjálfshjálparvinnu sem hóparnir byggjast á. Unnin voru verkefni og gerðar æfingar með áherslu á mörk og það hvernig við setjum mörk í daglegu lífi.

Opnir 12 spora fundir

Hópur reyndra Stígamótakvenna endurvakti 12 spora fundina árið 2004 og vann mikla hugmyndavinnu fyrir 12 spora kerfið. Á árinu voru haldnir 51 fundir og skráðar komur á þá voru 150. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólki sem býið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta. Fundirnir eru algjörlega á ábyrgð þeirra sem mæta hverju sinni og má segja að þessi starfsemi sé nýtt og mikilvægt haldreipi í sjálfsstyrkingu og stuðningi við það Stígamótafólk sem þegar hefur nýtt önnur úrræði. Því skal haldið til haga að Ingibjörg Kjartansdóttir hefur mætt á alla fundina og haldið utan um starfið af mikilli nótursemi. Hún hefur þannig lagt á sig ómælda sjálfboðavinnu og það ber að þakka.

Símáþjónusta

Því miður er ekki til nákvæm tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símáþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Það stendur þó til bóta, því á árinu var tekið í notkun nýtt símakerfi sem gerir talningu og flokkun símtala einfalda. Stuðningssímtöl eru mörg á dag alla virka daga ársins. Það má fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Fólk utan höfuðborgarsvæðisins notfærir sér einnig þessa leið mikið.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

Stígamót á staðinn

Í mörg ár nýttist þjónusta Stígamóta fyrst og fremst fólkinu á höfuðborgarsvæðinu. Þó lögðu ótrúlega margar konur á sig að keyra, fljúga eða sigla til Reykjavíkur til þess að sækja sér aðstoð vegna kynferðisofbeldis. Stuðningur við þær var þó venjulega minni en við þær konur sem gátu nýtt sér samtalsþjónustuna yfir lengri tíma. Flestar af þessum konum höfðu ekki aðstöðu til þess að taka þátt í sjálfshjálparhópnum.

Árið 2006 fór af stað tilraunaverkefni á Austfjörðum í þrjá mánuði. Um var að ræða samstarfsverkefni Stígamóta, Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar. Verkefnið fólst í því að fólk hringdi til Stígamóta og pantaði viðtal milliliðalaust. Björg G. Gísladóttir starfskona Stígamóta flaug svo austur vikulega, hitti fólk á stað með leynilegt heimilisfang og flaug svo tilbaka með leyndarmálin. Þetta starf tókst mjög vel og varð til þess að Stígamótafólk leigði sér rútu árið 2007, fyllti hana af „velverkuðu“ Stígamótafólki og keyrðu hringinn í kringum landið. Kannað var hver þörfin væri fyrir sambærilega þjónustu og alls staðar reyndist hún vera tilstaðar.

Lögð var gífurleg vinna í að kynna tilboð Stígamóta og á árinu 2008 fór þjónusta Stígamóta fram á 7 stöðum á landinu. Þeir voru auk vinnunnar á Hverfisgötunni, Egilsstaðir, Vestmannaeyjar, Selfoss, Akranes, Borgarnes og Grundarfjörður. Um þessa vinnu sáu þær Thelma Ásdísardóttir, Þórunn Þórarinsdóttir og Karen Linda Eiríksdóttir. Starfsemin var starfrækt fram á sumar árið 2009, en þá var fjárhagsstaða Stígamóta orðin slík að nauðsynlegt var að leggja hana niður.

Því verður vart með orðum lýst hversu slæmt það var að þurfa að hætta þessu mikilvæga starfi. Margar konur voru komnar vel af stað við að kveða niður gamla drauga og höfðu öðlast aukinn kraft og styrk. Þær treystu á áframhaldandi stuðning sem síðan var klippt á. Á árinu nýttu 42 einstaklingar þessa þjónustu og fjöldi stuðningsviðtala var 184 viðtöl.

Sérverkefni Stígamóta vegna mansalsmála

Árið 2009 olli þáttaskilum í baráttunni við mansal á Íslandi. Stjórnvöld horfðust í augu við þá staðreynd að Ísland hefði ekki eitt landa sloppið við vændi og mansal. Margir sigrar unnust eins og greint er frá annars staðar. Nokkur mál voru rannsökuð af fullri alvöru. Stígamót komu þar oftast við sögu og lögð var gífurleg vinna í veita fólkinu okkar vernd og stuðning. Ekki verður nánar greint frá þeirri vinnu á þessu stigi.

Fræðsla og samfélagsstarf

Annað af tveimur meginmarkmiðum Stígamóta er fræðsla og vitundarvakning um kynbundið ofbeldi. Að venju fór hún fram með ýmsum hætti og verður hér stiklað á stóru. Þess má geta að Guðrún Jónsdóttir sá að stórum hluta um fræðslumálin á árinu.

Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk

Eitt af því mikilvægara sem við gerum á Stígamótum er að ná til ungs fólks í skólum landsins. Síðastliðið ár voru margir nemar, bæði í framhaldsskólum og háskólum sem óskuðu eftir fræðslu frá Stígamótum. Það er athyglisvert að þegar nemendur sjálfir ráða dagskránni er mjög oft óskað eftir að Stígamót mæti á staðinn. Nefna má fyrirlestra í FB, í Borgarholtsskóla, hjá Molanum sem er ungliðahreyfing Rotary, í MK um kreppu sem mælikvarða á innri styrk. Fyrirlestur fyrir unglingsmiðjuna Stíg og því ber að halda til haga að Jafningjafræðslan kemur hvert ár með sitt fólk til þess að læra af Stígamótum. Það sama gerir Fjölbraut Suðurnesja. Neyðarmóttakan pantaði fjögurra tíma námskeið fyrir bráðahjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðingar heimsóttu Stígamót. Hópur ljósmæðra kom og kynnti sér starfið. Jafnréttisetur fékk fjögurra tíma kennslu fyrir nema í alþjóðajafnréttisnámi og svona mætti lengi telja.

Talskona Stígamóta hefur tekið að sér fyrirlestra í nokkrum kúrsum innan félagsráðgjafar í HÍ og gerir það af mikilli ánægju því mikilvægt er að félagsráðgjafar séu vel að sér um ofbeldi. Jafnframt flutti hún erindi á ráðstefnu Blátt áfram, annað fyrir svæðisstjóra Kvenfélagasambandsins, hafði framsögn á málþingi á Akureyri í framhaldi af sýningunni Lilju, talaði á evrópufundi Soroptimista um mansal og var fundarstjóri á norrænni ráðstefnu KRFÍ um kreppu og kyn. Auk þessa fór hún í níu boðsferðir til útlanda og hélt í öllum ferðunum erindi byggt á starfi og hugmyndafræði Stígamóta.

Margir háskólanemar völdu sér verkefni á sviði kynferðisofbeldis og leituðu upplýsinga og gagna á Stígamótum. Þannig voru nokkrir nemar innan mannfræði og lögfræði að skrifa um mansal, þroskaþjálfanemar öfluðu gagna um ofbeldi gegn fötluðum, nokkrar hópar úr félagsráðgjöf kynntu sér ólíka þætti starfsins og félagsfræðinemi frá Noregi vildi vita allt um íslensku leiðina í baráttunni gegn mansali og vændi. Vísindaferðir háskólanema hafa lengst af verið mjög vinsælar og mættu sálfræðinemar í eina slíka. Við þetta má bæta heimsóknum samstarfsaðila, fræðifólks og rithöfunda sem voru bæði til gagns og gleði.

Ýmiskonar samstarf

Að venju áttu Stígamót í alls konar samstarfi við önnur félagasamtök. Má þar nefna heimsókn Sigurðar og síðar Guðrúnar Þórsdóttur samstarfskonu okkar frá Aflinu fyrir norðan, heimsóknir voru farnar á milli Stígamóta og Rauða krossins, Unichef, Unifem, Amnesti og V-dagsfólks. Barnaheill stóðu fyrir samstarfi margra aðila til þess að berjast gegn klámsíðum á netinu og varð það samstarf til þess að lokað var fyrir grófar og ærumeiðandi netsíður.

Neyðarmóttakan stóð í ströngu eins og stundum áður þegar orðið niðurskuður er nefnt í heilbrigðiskerfinu og funduðu Stígamót með mörgum aðilum um hvernig halda mætti úti forsvaranlegu starfi hennar.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Sú venja hefur skapast á undanförunum árum að bjóða til Stígamóta því lykilmálum sem hefur aðstæður og völd til þess að breyta íslensku samfélagi. Þá er starfsemin kynnt lítillaga, boðið uppá kaffi og með því og síðan rætt sérstaklega um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Undantekningalaust hafa slík boð skilað auknum skilningi og bættu samstarfi. Í janúar var fulltrúum allra þingflokka boðið í hádegissnarl og farið með þeim yfir óskamál Stígamóta.

Í mars var svo kynferðisbrotadeild lögreglunnar í næsta húsi boðið í heimsókn og m.a. farið yfir þann sameiginlega vanda sem felst í mjög fáum dómum í kynferðisbrotamálum. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra kom svo með fríðu föruneyti í eftirmiðdagskaffi þann 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynferðisofbeldi.

Erlendar heimsóknir

Á hverju ári bregður fyrir fulltrúum erlendra ríkja og samtaka og má nefna að tvær rússneskar sendinefndir heimsóttu Stígamót. Bandaríkjamenn fylgjast vel með mansalsmálum á Íslandi og skrifa um það í árlegri mannréttindaskýrslu sinni. Í árlega heimsókn komu þeir Brad Evans og Axel úr Bandaríska sendiráðinu. Auk þeirra kom James Macdowell frá sendiráði þeirra í Kaupmannahöfn. Fulltrúi sænska sendiráðsins kom í svipuðum erindagjörðum. Eva Biaudet mansalsfulltrúi Öryggis og samvinnustofnunar Evrópu boðaði komu sína, en veiktist og sendi aðstoðarkonu sína. Einnig má nefna heimsókn fulltrúa rannsóknarlögreglunnar í Noregi sem kynntu störf sín og fræddust um aðkomu Stígamóta að mansalsmálum.

Samskipti við fjölmiðla

Að venju var leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla. Engir samstarfsaðilar eru mikilvægari þegar kemur að fræðslu og vitundarvakningu. Haldinn var fjölmiðlafundur til þess að kynnaársskýrslu Stígamóta en annars voru bæði blöð og ljósvakamiðlar í sambandi allt árið. Að auki má nefna norsk og finnsk blöð ásamt Guardian aðallega vegna kreppuástandsins á Íslandi.

Þátttaka Stígamóta í opinberum ráðum og nefndum

Mikilvægur þáttur í samfélagsvinnu Stígamóta er samstarf við stjórnmalafolk. Þau samskipti fara fram með ýmsum hætti. Umsagnir voru skrifaðar um frumvörp sem fram komu innan okkar malaflokk. Þá höfðu einstakir þingmenn samband vegna malatilbúnaðar.

Jafnréttisráð

Samkvæmt jafnlögum eiga Stígamót og Kvennaathvarfið sameiginlegan fulltrúa í Jafnréttisráði. Guðrún Jónsdóttir situr í ráðinu nú fyrir hönd samtakanna beggja og er Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdarstýra Kvennaathvarfsins, varakona í ráðinu. Meginverkefni ráðsins eru að halda Jafnréttisþing og að veita jafnréttisverðlaun ráðsins auk þess að standa vaktina í jafnréttismálum almennt. Á árinu var íslenska kvennalandsliðinu í fótbolta veitt jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs.

Metnaðarfull aðgerðaáætlun gegn mansali

Talskona Stígamóta átti sæti í vinnuhópi Félagsmálaráðuneytisins sem skrifaði aðgerðaáætlun gegn mansali. Skipun hópsins var mikið gleðiefni á Stígamótum eftir þrotlausu baráttu fyrir því að mansal á Íslandi fengi verðskuldaða athygli og að brugðist yrði við því. Hópurinn skilaði af sér aðgerðaáætlun gegn mansali þann 16. mars og var því fagnað sérstaklega á Stígamótum. Áætlunin var metnaðarfull og í henni fólst pólitískur kjarkur. Tekið hafði verið tillit til flestra óska kvennahreyfingarinnar. Banna skildi kaup á vændi og loka átti nektarstöðunum illræmdu.



Við undirritun áætlunarinnar með Ástu R. Jóhannesdóttur þáverandi félagsmálaráðherra

Sérfræðinga- og samhæfingarteymi gegn mansali

Samkvæmt framkvæmdaáætlun gegn mansali skyldi skipa sérfræðinga- og samhæfingarteymi gegn mansali sem hafa á yfirsýn yfir málaflökkinn, vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta starfið sem framundan er, auk þess að bregðast við þeim málum sem upp koma. Í teyminu situr m.a. talskona Stígamóta. Mikil vinna hefur átt sér stað innan teymisins í ár. Það kom ekki á óvart að um leið og stjórnvöld gáfu sig út fyrir að taka mansalsmál alvarlega var eins og það opnaðist ormagryfja og verkefni voru ærin.

Væntanlega eru mansalsmál komin á dagská til þess að vera. Nú er hægt að hefjast handa við þau fjölmörgu verkefni sem vinna þarf, þannig að með sannri sé hægt að segja að mansal sé tekið alvarlega á Íslandi.

Samkvæmt lögum frá 17. apríl er bannað að kaupa vændi á Íslandi!



Kolbrún Halldórsdóttir þáverandi umhverfisráðherra og flutningskona málsins í mörg ár, ásamt stígamótakerlingu

Kampavínið sem opnað var þann 17. apríl á Stígamótum var búið að bíða ansi lengi í kæliskápnum. Baráttan var búin að standa í tíu ár. Það var á síðustu mínútum, síðasta dag þingsins fyrir kosningar að málið var marið í gegn með harðfylgi Kolbrúnar Halldórsdóttur og þrotlausri baráttu Stígamóta og annarra kvennasamstaka.

Fréttirnar hvissuðust um að svona gæti farið og stofan á Stígamótum fylltist af fagnandi konum og körlum. Skeyti var sent til systursamtaka um allan heim. Ísland var þriðja landið í heiminum til þess að banna kaup á vændi og það var ærin ástæða til þess að fagna.

Réttlætisviðurkenningar Stígamóta

Á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynferðisofbeldi þann 25. nóvember, veittu Stígamót í annað sinn viðurkenningar fyrir vel unnin störf í málaflokknum. Réttlæti er það sem Stígamót beita sér fyrir.

Að þessu sinni var lögð á það áhersla að aðgerðir væru það sem þyrfti og því voru í fyrsta sinn veitt svokölluð aðgerðaverðlaun. Ákveðið var að veita þau fjórum vöskum konum sem með samstilltu átaki réðust gegn mögulegu mansali á Íslandi. Að auki voru veitt jafnréttisverðlaun ársins.



Aðgerðaviðurkenningarhafar Stígamóta þær **Ragna Árnadóttir** dómsmálaráðherra, **Berglind Eyjólfadóttir** lögreglukona, **Alda Hrönn Jóhannsdóttir**, stjórnandi lögreglurannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum, og **Sigríður Björk Guðjónsdóttir** lögreglustjóri á Suðurnesjum. Viðurkenningarskjölin voru svohljóðandi:

Aðgerðaviðurkenning Stígamóta árið 2009

Á Stígamótum er því nú fagnað að eftir tíu ára baráttu eru mansalsmál í klámiðnaði loksins tekin alvarlega. Lög og aðgerðaáætlanir öðlast þá fyrst gildi að þeim sé fylgt eftir.

Með samstilltu átaki dómsmálaráðherra, lögreglustjóra á Suðurnesjum, stjórnanda lögreglurannsóknar og sérfræðingi lögreglunnar í mansalsmálum sem allar eru konur, hefur verið ráðist í umfangsmiklar rannsóknir til þess að fletta ofan af mögulegu mansalsmáli. Þetta ber að þakka. Megi það verða fleirum hvatning til þess að hrinda í framkvæmd lögum og áætlunum.



Þrjár aðrar konur fengu jafnréttisverðlaun Stígamóta fyrir mikilsverð störf í málaflokknum. Þær eru Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir og Fríða Rós Valdimarsdóttir

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir
Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2009

Stígamót eru stolt af leiðbeinandanum sínum fyrir ötul skrif í ýmsa fjölmiðla um fjölmargar hliðar kynbundins ofbeldis. Ingibjörg hefur af hugrekki og skilningi skrifað þrátt fyrir að tilraunir hafi verið gerðar til þess að þagga niður í henni meðal annars með dómi í réttarkerfinu sem nýtist okkar fólki svo illa. Megi hún ótrauð halda áfram!

Fríða Rós Valdimarsdóttir
Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2009

Mansal er loðið, óljóst og falið vandamál á Íslandi. Erfitt er að ná yfirsýn yfir umfang þess og birtingarmyndir, en slíkt er forsenda þess að hægt sé að vinna bug á því. Ný skýrsla Rauða krossins er skrifuð af þekkingu og skilningi. Sem betur fer er byggt á víðri skilgreiningu á vandamálinu. Fríða Rós hefur með skrifum sínum dregið fram í dagsljósið skuggahlíðar íslensks samfélags sem ekki verður lengur afneitað. Megi það verða til þess að hægt sé að vinna bug á þessum alvarlegu glæpum.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann
Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2009

Fátt er mikilvægara í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi en upplýst umræða. Bókin “Á mannamáli” er skrifuð í vöndum rannsóknarblaðamenskustíl. Höfundur víðaði að sér yfirlýsingum mikilli þekkingu á kynferðisbrotamálum, leitaði fanga á ótal stöðum og dró rökréttar ályktanir. Bókin er mikilsverð tilraun til þess að eyða fordómum og fáfræði. Hún ætti að vera aðhald fyrir stjórnvöld og leiðarljós fyrir okkur hin.

Undirbúningur hófst fyrir 35 ára afmæli kvennafrídagsins 2010

Það þarf ekki að minna á að samstaða íslenskra kvenna þann 24. okt. 1975 vakti heimsathygli. Það sama má segja um 24. okt. árið 1985 og síðast árið 2005. Hvergi annars staðar virðast konur hafa náð annarri eins samstöðu um kjör sín og stöðu.

Árið 2010 er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Þá eru 95 ár frá því konur fengu kosningarétt, 35 ár frá fyrsta kvennafrídegi, 40 ár frá stofnun Rauðsokka, 30 ár frá því Vigdís varð forseti, Kvenfélagasambandið verður 80 ára og Stígamót 20 ára svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt verða þá 15 ár frá því Pekingáætlunin var samþykkt. Öll kvannahreyfingin er þegar byrjuð að funda um viðburði þetta ár. Fram hefur komið hugmynd um að yfirskrift dagskrár snúist um baráttuna gegn kynferðisofbeldi.

Enn er ofbeldi karla gegn konum ljótasti bletturinn á jafnréttisríkinu Íslandi. Fulltrúar allra kvennasamtakana hafa einróma samþykkt að sameinast í kröfunni um að Ísland standi undir nafni sem réttarríki – líka fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Minnt skal á að á tíu ára tímabili (1997-2006) féllu í héraðsdómum að meðaltali innan við 5 nauðgunardómar á ári og í Hæstarétti innan við 3 nauðgunardómar á ári. Á sama tíma fengust Stígamót og Neyðarmóttaka vegna nauðgana við 200-300 nauðganir hvert ár og vitað er að fjöldi kvenna sótti ekki hjálp. Þótt margt hafi áunnist á undanförunum 20 árum eru enn bullandi fordómar ríkjandi gagnvart þeim sem beitt eru ofbeldi og ofbeldismenn hvorki sýnilegir, kærðir, ákærðir né dæmdir. Rauði þráðurinn í lífi kvenna sem hefur verið nauðgað er enn skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd. Við erum allar sammála um að það er óásættanlegt. Mikill niðurskurður hefur verið í fjárframlögum til Neyðarmóttöku og starfsemi hennar skert verulega. Stígamót hafa sagt upp fólki vegna efnahagsástandsins og því útilokað að takist að halda úti þeirri þjónustu sem nauðsynleg er. Gífurlegur kraftur er í undirbúningshópnum og spennandi að sjá hvað út úr starfinu kemur.



Frá fyrsta undirbúningsfundi um 24. Október 2010, þann 6. okt. Stígamótastofan full af áhugasömum konum

Alþjóðastarf

Það þarf ekki að taka fram hversu mikilvægt það er fyrir faglegt starf Stígamóta að vera í góðu sambandi við umheiminn. Það er grundvallaratriði að fylgjast vel með á alþjóðavettvangi. Alþjóðlegt samstarf kvennahreyfinga hefur aukist á undanförunum árum í kjölfar alþjóðavæðingar. Þá er nauðsynlegt að nefna að alþjóðlega skipulögð glæpastarfsemi nær meðal annars til mansals kvenna í klámiðnaði. Mansal verður ekki upprætt nema með samstilltu átaki þvert á öll landamæri.

Tengsl heilsu og ofbeldis

Margrét Steinarsdóttir tók þátt í samstarfsverkefni Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna um tengsl mansals og heilsu. Hún sótti undirbúningsfund vegna verkefnisins til Gautaborgar ásamt þeim Sigþrúði Guðmundsdóttur úr Kvænnaathvarfinu og Eyrúnu Jónsdóttur frá Neyðarmóttökunni.

Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby (EWL)



Frá Gdansk í Póllandi – sérfræðingafundur um ofbeldismál

Í mörg ár hefur verið frjótt samstarf á milli Stígamóta og European Women's Lobby sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Má nefna að EWL halda utan um samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansalsmál og áttu mikinn þátt í að ENATW verkefnið komst á. Í báðum þessum verkefnum skipti starf Stígamóta miklu máli. Á vegum EWL er starfandi European Policy Action Centre on Violence Against Women. Í hópnum eru 30 sérfræðingar frá jafnmörgum Evrópulöndum og fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið sæti í nefndinni.

Í sumar hittust fulltrúar kvennahreyfinganna í Gdansk í Póllandi og báru saman bækur sínar. Það felst í því ómetanlegur styrkur fyrir Stígamót að vera svo vel tengdar systursamtökum okkar og geta keikar haldið því fram að við séum vel upplýstar um það sem best er gert í löndunum í kringum okkur.

Markmið þessa sérfræðingahóps er:

- Að fylgjast með þróuninni innan málaflokksins
- Bæta þjónustu, fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu karla
- Vera tengiliður ólíkra hópa sem vinna gegn ofbeldi
- Vitundarvakning og að halda til haga umfangi ofbeldis
- Að hafa vakandi auga með staðbundinni, svæðisbundinni, þjóðfélagslegri og Evrópskri þróun innan málaflokksins. Benda bæði á framfarir og mögulegt bakslag og halda til haga tölfraði og öðrum gögnum.
- Að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, Evrópuvettvangi og í eigin landi að umburðarlyndi fyrir ofbeldi verði ekkert.

Norrænar konur gegn ofbeldi

Árleg ráðstefna norrænu kvænnaathvarfasamtakanna var haldin í Kaupmannahöfn og einbeittu danirnir sér að því að skilja á milli fagfólks og fastráðinna annars vegar og sjálfboðaliða hins vegar. Ekki voru konur annars staðar á Norðurlöndunum með sömu sýn á þessi mál og spunnust hollar og góðar umræður

um málið. Á Stígamótum þykir það umhugsunarverð þróun að athvörfin séu tekin yfir af konum sem eru trúari yfirvöldum en grasrótinni og notendum þjónustunnar. Það var líka bent á að sjálfbóðaliðar séu ekki sjálfkrafa ómenntaðir. Stígamót hafa greiðan aðgang að hvers kyns fagfólki sem í sjálfbóðavinnu aðstoðar þegar á þarf að halda.

Krónprinsessa Mary opnaði ráðstefnuna og var fulltrúum landanna boðið að hitta hana. Hún er verndari LOKK – dönsku kvennaathvarfasamtakanna og hefur látið sig málefni barna varða.

Samstarf kvennaathvarfa í heimskaualöndum

Það voru sænskar og norskar valkyrjur frá Luleaa í Svíþjóð og Tromsø í Noregi sem fengu talskonu Stígamóta til liðs við sig til þess að koma á samstarfi athvarfahreyfingarinnar í nyrstu byggðum heimsins. Ráðstefna var svo haldin í Luleaa í heimskaualanótt janúarmánaðar þar sem saman komu konur frá samahéruðunum og norrænar konur frá norður Skandinavíu, konur frá nyrstu byggðum Rússlands, frá Grænlandi og Íslandi.

Ýmislegt er sameiginlegt með konum þessa heimshluta svo sem fámenni og einangrun. En sérstaklega var áhugavert að heyra hvernig sjálfsmýnd Samakvenna leyfir ekki viðurkenningu á ofbeldi.

Alþjóðasamtök kvennaathvarfa eru á teikniborðinu



Frá vinnufundi í Ottawa

Í lok apríl var talskonu Stígamóta boðið til Ottawa í Kanada til þess að taka þátt í undirbúningsvinnu fyrir stofnun alþjóðasamtaka kvennaathvarfahreyfingarinnar. Það var jafnréttismálaráðherra Kanada sem bauð hópnum til landsins og fundinum stýrðu sömu konur og héldu fyrstu alþjóðaráðstefnu athvafanna í Edmunton árið áður. Þarna hittust konur frá 17 löndum og fram fór gífurlega mikil hugmyndafræðivinna.

Það var aðdáunarvert hversu duglegar Kanada-konurnar eru, en það verður líka að segjast að við norrænar konur erum hugmyndafræðilega á allt öðrum stað en konur á flestum öðrum stöðum í heiminum. Það var t.d. óhugsandi að þær gætu talað um ofbeldi karla gegn konum

Fundað með konum frá Austurlöndum nær í Istanbul

Talskona Stígamóta tók að sér sérfræðingsstöðu í verkefni um kynferðisofbeldi á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar í Noregi fyrir nokkrum árum síðan. Í tengslum við það verkefni hittust konur frá Jórdaníu, Sírylandi, Palestínu, Írak og fleiri löndum í Istanbul til þess að ræða úrræði fyrir konur sem beittar eru ofbeldi í löndunum. Aðstæður í þessum löndum eru ósambærilegar við það sem við þekkjum og lýðræðið á Íslandi fékk þrátt fyrir allt nýja merkingu þegar konur sögðu frá vanda sínum við að fá leyfi til þess að hittast og funda hvað þá annað. En þó heimarnir séu á margan hátt ólíkir og arabískan framandi, var ofbeldismynstrið líkt og viðfangsefnið óþægilega lík.

Fundur með Rashida Manjoo umboðskonu Sameinuðu þjóðanna í Suður Afríku

Það var í lok október sem talskonu Stígamóta var boðið að vera fulltrúi Evrópu á lokuðum alþjóðlegum fundi með Rashida Manjoo umboðskonu Sameinuðu þjóðanna. Fundurinn fór fram í East London, lítilli

borg í Cape héraði í Suður Afríku. Rashida var nýtekin við embætti og óskaði eftir því að ráðfæra sig við konur. Fundað var í nokkra daga og frá Stígamótum komu skilaboðin um að nálgunin yrði sem víðust. Að ráðist yrði gegn fordómunum sem lýsa sér í skömm og sektarkennd kvenna með því að setja ofbeldismenn á dagskrá. Bæði í ræðu og riti, í myndmáli og í lögum. Undirrituð ákvað að nýta tímann eins vel og hægt væri og draga ekkert undan. Eftir erindið var undarleg kyrrð og konur brugðust ekki við. Morguninn eftir óskaði Rashida eftir að Stígamótaskilaboðin yrðu boðskapurinn í hátíðarkvöldverði sem haldinn skyldi með ædstu pólitíkusum, embættismönnum og fjölmiðlum, svo talskonan var dubbuð upp í að verða ræðukona kvöldsins. Það var einkennileg og ánægjuleg upplifun að uppsöfnuð reynsla og þekking ofan af Íslandi næði eyrum fólks hinum megin á hnettinum.



Frá fundinum í S-Afríku; kona frá Kenya, Rachel Paul, Rashida Manjoo og Guðrún Jónsdóttir

Kynjað ofbeldi – rannsóknarráðstefna í Uppsala í Svíþjóð

Í byrjun desember var haldin spennandi og róttæk ráðstefna um kynjafræðilegar rannsóknir á ofbeldi. Svíþjóð var í mörg ár langt á undan öðrum löndum hvað varðaði skilning og viðbrögð við ofbeldi. Um það vitnar t.d. löggjöfin þeirra, þó nokkuð vanti uppá að hún virki. Þessi ráðstefna sýndi að svíar hafa engu gleymt. Þarna töluðu margar af þeirra þekktustu fræðikonum og ekki má gleyma Yakin Eturk sem hélt glimrandi erindi.

Fundur í norrænu kvennaathvarfahreyfingunni

Í Svíþjóð var í byrjun desember haldinn undirbúningsfundur fyrir næstu kvennaathvarfaráðstefnu sem halda átti í Noregi árið 2010. Þegar konur fóru að bera saman bækur sínar um hvað væri efst á baugi í hverju af Norðurlöndunum, kom í ljós að íslenskar konur væru að undirbúa nýjan kvennafrídag sem að þessu sinni skyldi helgaður baráttunni gegn kynferðisofbeldi.

Áhugi nágrannakvenna okkar kviknaði samstundis og það var ákveðið á staðnum að breyta áætluninni þannig að næsta ráðstefna skyldi haldin á Íslandi í tengslum við kvennafrídaginn árið 2010.

Mansalsráðstefna í Istanbul með konum frá Írak

Síðasta ráðstefna ársins sem Stígamót áttu aðild að var í Istanbul. Þar hittust fulltrúar kvennahreyfingarinnar í Írak ásamt sérfræðingum annars staðar að úr heiminum og þar talaði Stígamótafulltrúinn um mansal og viðbrögð við því. Janice G. Raymond hélt að venju ógleymanlegt erindi og konurnar frá Írak lýstu þeim aðstæðum sem þær leitast við að vinna í.

Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

- *Norrænar konur gegn ofbeldi* sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- *Equality Now!*
- *ENATW –European network against Trafficking in Women*, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er www.aretusa.net
- *WAVE* - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- *Coalition Against Trafficking in Women* sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar catw-1@list.web.net
- *European's Womens Lobby*, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women <http://www.epacvaw.org/>
- *Global network of women's shelters*: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum
-



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 20 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2009 leituðu 539 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 210 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 39 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 21 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2009 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2009 hafa 5347* einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 7585 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

*Athygli er vakin á því að í síðustu ársskýrslu var fjöldi einstaklinga sem leitað hefur til Stígamóta frá upphafi ekki réttur. Í skýrslunni stóð 5279 en átti að vera 5098. Því er hér með komið á framfæri og um leið beðist afsökunar á mistökunum.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofu Íslands voru 157.635 konur á Íslandi 1. desember árið 2009 og undanfarin 20 ár hafa 4918 konur leitað til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis sem þær hafa verið beittar, eða 3,1% íslenskra kvenna.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2009 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum.

Tafla 1) Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2009

Ný mál – brotþolar komu sjálfir	210
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	21
Heildarfjöldi ofbeldismanna *	401
Fjöldi nýrra aðstandenda	39
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	539
Heildarfjöldi viðtala	1933

Þessi tafla er sett fram með sama hætti og árið 2008. Fram að þeim tíma voru upplýsingar um ný mál frá aðstandendum færð inn á sams konar spurningalista og ný mál frá brotþolum sjálfum.

*Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 401, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamót gegnum aðstandendur sem leituðu til Stígamóta en hér er talin einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning) Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 401 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 370 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur allra niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram.

Þegar ný mál, bæði frá brotaþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 231 sem er 42 málum færri en á síðasta ári. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er meiri en í fyrra og nemur fjölgunin 18,4%. Ofbeldismenn eru 19 færri en árið 2008. Heildarfjöldi einstaklinga er minni en á síðasta ári sem nemur 1,5%. Heildarfjöldi viðtala er minni en í fyrra sem nemur 7%.

Tafla 2) Stígamót á staðinn

Staður	Fjöldi viðtala	Fjöldi einstakl.	Nýir einstakl.
Selfoss	46	14	8
Egilsstaðir	28	10	6
Vestmannaeyjar	33	9	4
Vesturland	77	9	2
Alls	184	42	20

Þessi tafla sýnir fjölda viðtala og einstaklinga sem nýttu sér viðtöl Stígamóta á landsbyggðinni. Það er óhætt að segja að það nýtist vel að fara með Stígamót á staðinn. Auk viðtala var starfræktur hópur í

Vestmannaeyjum. Hér kemur fram að aukning varð á viðtölum á landsbyggðinni frá árinu á undan og hefðu þau orðið mun fleiri ef ekki hefði þurft að leggja þjónustuna niður um mitt árið 2009.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslu síðasta árs eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

Tafla 3) Skipting einstaklinganna eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	18	8,6%
Kona	191	91,0%
Uppl. vantar	1	0,5%
Alls	210	100%

Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi gætu um 20% misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu 1999-2002 bendir til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. (Mbl. 17. sept. 2002). Þar sem um helmingur þeirra sem leitað hafa til Stígamóta koma vegna sífjaspella og langflestir karlar


hafa komið vegna ofbeldis í æsku, má segja að karlar hafi verið í kringum 20% af sífjaspellshópnum í gegnum árin. Það má því segja að Stígamót nýtist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Þessi tala hefur þó verið lægri undanfarin tvö ár. Skýringin getur að hluta til verið sú að notendur fylltu sjálfir út spurningalistann og hlutfall karla í öðrum flokkum ofbeldis var hærra en undanfarin ár. Hlutfall karla af sífjaspellsmálum árið 2009 var 14,1%, sem er nokkuð lægra hlutfall en árið á undan.

Tafla 4)
Þjóðerni brotþola

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	199	94,8%
Blandað þjóðerni	2	1,0%
Frá öðrum löndum	7	3,5%
uppl. vantar	2	1,0%
Alls	210	100%


Eins og sést á töflu 4 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2009 íslenskir eða tæplega 95%.

Mynd 1)
Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Myndin sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 20 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Frá árinu 2004 til 2007 var aukning milli ára en árin 2008 og 2009 var fækkun milli ára.

Mynd 2) Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2009



Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.

Tafla 5) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2009

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	99	20,8%
Grunur um sifjaspell	7	1,5%
Nauðgun	110	23,2%
Grunur um nauðgun	12	2,5%
Nauðgunartilraun	20	4,2%
Klám	16	3,4%
Vændi	5	1,1%
Kynferðisleg áreitni	64	13,5%
Andlegt ofbeldi	72	15,2%
Líkamlegt ofbeldi	39	8,2%
Ofsóknir ofbeldismanns	26	5,5%
Annað	2	0,4%
Ekki viss	3	0,6%
Alls	475	100%

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (210).


Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist.

Þegar um grun um nauðgun er að ræða, er t.d. um að ræða þegar stúlka vaknar á ókunnnum stað og hefur enga minningu um hvernig hún endaði þar og vaknar upp við hlið ókunnugs manns.

Þessi tafla er með sama hætti og hún var árið 2008 en þá voru gerðar nokkrar breytingar á henni frá fyrri árum þar sem flokkum fyrir ástæður þess að leitað var til Stígamóta var fjölgað í spurningalistanum fyrir árið 2008. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta eru færri en árið á undan, eða 475 en var 530.

Flokkar sem bættust við árið 2008 eru; ofsóknir ofbeldismanns, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, annað og ekki viss. Athygli vekur hve margir notendur leita til Stígamóta vegna andlegs ofbeldis, sem stundum er hluti af kynferðisofbeldinu og stundum aðskilið, þ.e. að um annan ofbeldismann er að ræða. Þá eru einnig margir sem leita til Stígamóta vegna ofsókna ofbeldismanns og kynferðislegrar áreitni, sem til dæmis getur verið áreitni á vinnustað.

Mynd 3)
Ástæður þess að leitað var til Stígamóta




Um klám og vændi

Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konum hótað að þeim verði dreift. Þá voru 15 konur og 1 karl sem leituðu til Stígamóta árið 2009 vegna kláms og fækkaði þeim því úr 21 í 16 milli ára.

Á síðasta ári nýttu 17 konur og 3 karlar sér viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 5 ný mál og 15 eldri mál. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.

Mynd 4) Samanburður milli ára

Á eftirfarandi mynd er yfirlit yfir ástæður komu síðustu fimm árin. Það skal ítrekað hér að frá og með árinu 2006 voru upplýsingarnar fylltar út af notendum en ekki ráðgjöfum Stígamóta og hefur það eflaust áhrif á skilgreiningu ofbeldisins.



Mikilvægt er að hafa í huga að árin 2008 og 2009 voru fleiri flokkar en sýndir eru á þessari mynd og skýrir það að stórum hluta hvers vegna hlutfallið í hverjum sýndum flokki er lægra þá en árin á undan.

Tafla 6a/b) Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2009

Tafla 6a) sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 8b) sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 18-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-17 ára. Hér skal vakin athygli á því að aldursflokkarnir í þessum töflum hafa breyst frá fyrri árum. Flokkurinn 5-10 ára var áður 5-9 ár, flokkarnir 11-17 ára og 18-29 ára eru nýjir. Þeir flokkar sem voru áður fyrir þessi aldursbil voru 10-14 ára, 15-19 ára og 20-29 ára. Ber að hafa þetta í huga í samanburði við fyrri ár.

6a) Leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	10	4,8%
18 - 29 ára	115	54,8%
30 - 39 ára	33	15,7%
40 - 49 ára	22	10,5%
50 - 59 ára	21	10,0%
60 ára og eldri	7	3,3%
Uppl. vantar	2	1,0%
Alls	210	100%


Athygli skal vakin á því að í töflunum koma eingöngu fram þeir flokkar sem merkt var við í komuskýrslum, til dæmis var aldrei merkt við aldurinn 0-4 ára þegar spurt var um aldur þegar aðstoðar var leitað og því kemur sá flokkur ekki fram í töflu 6a)

6b) Framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	20	9,5%
5 - 10 ára	83	39,5%
11 - 17 ára	54	25,7%
18 - 29 ára	40	19,0%
30 - 39 ára	3	1,4%
40 - 49 ára	2	1,0%
Ekki viss	1	0,5%
Merkt við fleiri en eitt atriði	6	2,9%
Upplýsingar vantar	1	0,5%
Alls	210	100%

Mynd 5)

Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2009




Mynd 5) sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2009. Tekið skal fram að 10 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað og var í þeim tilfellum um að ræða mál sem þekkt voru af barnaverndaryfirvöldum. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.


Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotaþola úr komuskýrslum (210 skýrslur).


Mynd 6) Hjúskaparstaða



Mynd 7a) Menntun




Mynd 7b) Atvinna




Myndir 7a) og 7b) hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2009 sýna að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi. Í 6 tilfellum var merkt við fleiri en eitt atriði og því ekki hægt að setja þær upplýsingar í neinn ákveðin flokk.

Mynd 8) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í mynd 8) miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Töluverð breyting varð á framsetningu þessarar myndar árið 2008 og nú hefur einn flokkur til viðbótar bæst við; Suðurnes. Samanlagður fjöldi í myndinni meiri en 210 þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt sveitarfélag. Heildarfjöldi tilfella á þessari mynd er því 257. Hlutfallið miðast við fjölda einstaklinga (210). Eins og sést á þessari mynd á kynferðisofbeldi sér ekki landfræðileg mörk.

Mynd 9) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2009



Á mynd 9) má sjá búsetu fólks þegar það leitar til Stígamóta. Tæplega 78% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2009 búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Verkefnið Stígamót á staðinn opnaði þó möguleika fyrir þá sem búa á landsbyggðinni til að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði en það hefur nú verið lagt niður að svo stöddu vegna niðurskurðar. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að geta komið í viðtöl, bæði á landsbyggðinni og á Hverfisgötu. Þá er einnig boðið uppá símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér.

Tafla 7) Búseta; samanburður milli ára

	2005	2006	2007	2008	2009	
Reykjavík	55,0%	47,0%	48,4%	45,3%	54,3%	114
Kópavogur	10,8%	10,5%	7,9%	13,1%	10,0%	21
Hafnarfjörður	8,4%	7,5%	10,1%	6,4%	6,7%	14
Seltjarnarnes	0,8%	0,8%	0,4%	0,0%	0,5%	1
Garðabær	2,4%	2,3%	3,2%	3,0%	5,2%	11
Mosfellsbær	0,4%	1,1%	2,5%	2,1%	1,0%	2
Úti á landi	19,3%	24,8%	23,8%	28,0%	21,4%	45
Erlendis	2,0%	3,8%	2,2%	2,1%	1,0%	2
Fjöldi	249	266	277	236	210	

Í töflu 7) er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2005 til 2009 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára. Þó hækkaði hlutfall þeirra sem búa úti á landi um 4,2% milli 2007 og 2008 og eflaust má að stórum hluta til rekja það til þess að starfsemi Stígamóta hefur aukist á landsbyggðinni með tilkomu verkefnisins, Stígamót á staðinn. Hlutfall þeirra sem búa úti á landi lækkaði svo aftur árið 2009 en verkefnið var lagt niður um mitt árið.

Um ofbeldisverkin

Tafla 8)


Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2005	2006	2007	2008	2009	
Eitt skipti	8,5%	14,7%	9,9%	13,0%	20,9%	24
Innan við 1 ár	15,6%	16,0%	21,6%	20,6%	17,4%	20
1-5 ár	52,3%	56,0%	42,1%	35,9%	33,9%	39
6 ár eða lengur	10,6%	10,7%	14,0%	19,8%	12,2%	14
Óvíst	13,1%	2,7%	12,3%	14,1%	15,7%	18
Alls fjöldi	153	150	171	139	115	

Þessi tafla hefur verið einfölduð til muna frá fyrri árum. Það kemur til af því að spurningalistum var breytt fyrir árið 2008 og var það gert til einföldunar.

Mynd 10)

Samanburður milli ára



Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Árið 2005 standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða meira í um 75% tilfella en þessi tala er í kringum 70% árin 2006 – 2007, tæplega 56% árið 2008 og um 46% árið 2009. Hér getur komið fram breyting vegna þess að notendurnir fylltu sjálfir út spurningalistana síðustu fjögur árin.

Tafla 9)
Mismunandi birtingarmyndir nauðgana


	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	90	69,8%
Hópnauðgun	13	10,1%
Lyfjanauðgun	13	10,1%
Annað	6	4,7%
Ekki viss	7	5,4%
Alls	129	100%

Heildarfjöldi nauðgana í þessari mynd er 129 en ekki 110 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í ár var tekið tillit til þess að hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Nauðganir af hálfu maka voru 18 á árinu og geta þær verið undir hvaða skilgreiningu sem er á þessari mynd þar sem ekki var sérstaklega spurt um birtingarmynd nauðgunar af hálfu maka. Þær nauðganir teljast þó með í þessum 129 nauðgunum.

Með nauðgun og nauðgun – annað, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni.

Í sex tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í fimm tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda þeirra.

Mynd 11)
Þvingunaraðferðir við framkvæmd ofbeldisins



Á mynd 11) er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við framkvæmd ofbeldisins. Þessi tafla á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hér sést að í rúmlega 30% tilfella var hótunum beitt og er það svipað hlutfall og árið á undan. Líkamsmeiðingum var beitt í tæplega 19% tilfella og er það aukning frá árinu 2008. Sem dæmi um það sem hefur verið nefnt í flokknuma “annað” eru sljóvgandi lyf og að hundi hafi verið beitt til að ógna brotaþola. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 10)
Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutfall
Á sameiginlegu heimili	59	17,7%
Á heimili ofbeldismannsins	91	27,2%
Á heimili brotaþola	41	12,3%
Í heimahúsi	47	14,1%
Á vinnustað	10	3,0%
Á eða við skemmtistað	8	2,4%
Á útihátíð	4	1,2%
Í tómstundum eða íþróttastarfi	5	1,5%
Á opinberri stofnun	4	1,2%
Utandyra	36	10,8%
Annað	23	6,9%
Ekki viss	6	1,8%
Alls	334	100%

Flokkarnir í þessari töflu voru endurskilgreindir í ársskýrslu síðasta árs og eru þeir því sambærilegir milli árunna 2008 og 2009 en ekki við fyrri ár. Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 57 % tilfella.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir (210) vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 11)
Hverjum hefur brotaþoli sagt frá?

	Fjöldi	Hlutfall*
Engum sagt frá ofbeldinu	10	4,8%
Sagt maka frá ofbeldinu	84	40,0%
Sagt móður frá ofbeldinu	104	49,5%
Sagt föður frá ofbeldinu	52	24,8%
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	78	37,1%
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	137	65,2%
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	83	39,5%
Sagt öðrum frá ofbeldinu	18	8,6%
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	2	1,0%


Tafla 11) sýnir hverjum brotaþoli hefur sagt frá ofbeldinu þegar hann kemur til Stígamóta. Þessi tafla er breytt frá fyrri árum að því leyti að hún sýndi áður yfirlit yfir hverjum brotaþoli sagði frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk og því varhugavert að bera hana saman við fyrri ár.

*Hlutfallið miðast við heildarfjölda einstaklinga (210).

Mynd 12)


Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Hér er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Léleg sjálfsmynd, skömm, depurð, kvíði, sektarkennd, ótti og svipmyndir eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Þessi mynd hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum og ber þar helst að nefna að reiðin hefur færst ofar á listanum. Helsta skýringin er að síðustu fjögur ár hafa notendur sjálfir fyllt út spurningalistann og líkur á að upplýsingarnar gefi betri mynd af líðan þeirra en áður. Þó ber að ítreka að eftir sem áður er skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd efst og/eða mjög ofarlega á listanum.



Mynd 13)

Fíknir brotaþola samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra



Eitt af því sem ákveðið var að setja nýtt inn í spurningalista notenda árið 2008, voru upplýsingar um það hvort og þá hvaða fíknir fólk er eða hefur verið með. Þetta var gert vegna þess að eitt af því sem fólk talar um í sambandi við afleiðingar sínar eru fíknir af ýmsu tagi og var vonin að fá dýpri mynd og skilning á afleiðingum og líðan brotaþola.


Það er vert að taka fram að notendur gátu skilgreint sérstaklega við hvað þeir áttu með fíkn – annað. Þar komu fram reykingar, verkjalyf, tölvur og ástar- og tilfinningafíkn.

Tafla 12)

Sjálfsvígstilraunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	148	70,5%
Já	39	18,6%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,5%
Upplýsingar vantar	22	10,5%
Alls	210	100%

Mynd 14)



Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2009, höfðu 39 einstaklingar eða 18,6 % gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Þetta er töluvert lægra hlutfall en árið á undan og nemur fækkunin 6%.


Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tilraunir til sjálfsvígs og er það aðeins lægra en tölur Stígamóta fyrir árið 2009 sýna. Almennt gildir að um 4% fólks hafi gert slíkar tilraunir.

Tafla 13)
Samanburður milli ára

	2005	2006	2007	2008	2009
Já	11,6%	18,8%	18,8%	24,6%	18,6%
Nei	84,3%	77,1%	75,1%	72,0%	70,5%
Fjöldi*	239	255	263	228	187

*Athuga verður að heildarfjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið hins vegar miðast við heildarfjölda einstaklinga.

Mynd 15)
Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið er til Stígamóta árið 2009?




Þessi mynd hefur tekið breytingum frá fyrri árum. Fram til ársins 2008 höfðu verið settar fram upplýsingar um það hvert brotaþolar höfðu leitað með sín persónulegu mál áður en þeir komu til Stígamóta en í raun gáfu þær upplýsingar ekki rétta mynd af því hvort ofbeldið hafði verið rætt við viðkomandi fagaðila. Árið 2008 voru svo bornar saman upplýsingar um það hvar aðstoðar hafði verið leitað annars vegar og hvar ofbeldið hafði verið rætt hins vegar. Í ljós kom að mun færri höfðu rætt ofbeldið við fagaðila en þeir sem höfðu leitað með persónuleg mál sín til fagaðila. Í þessari skýrslu eru hins vegar eingöngu settar fram upplýsingar um það hjá hvaða fagaðilum ofbeldið hefur verið rætt. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að unnið hefur verið að því á undanförunum árum að einfalda þær komuskýrslur sem brotaþolar fylla út í fyrsta viðtali og eitt af því sem var einfaldað voru þessar upplýsingar. Þessi mynd er því ekki sambærileg við myndir fyrri ára.

Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er meiri en fjöldi einstaklinga (210) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda einstaklinga (210) og er athyglisvert að sjá að 39% þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2009 höfðu ekki rætt ofbeldið við neinn fagaðila áður en þeir komu í Stígamót.

Mynd 16) Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 16) hér að aftan kemur fram að 370 ofbeldismenn höfðu beitt 210 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta ofbeldi árið 2009. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 13 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Súluiritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 18,1% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2009 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Tölur og hlutföll miðast við fjölda ofbeldismanna (370). Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.



Tafla 14a/b)
Samanburður milli ára frá árinu 2005

14a)

Sifjaspell	2005	2006	2007	2008	2009	
Faðir/stjúpfaðir*	24,9%	14,6%	9,9%	20,8%	20,5%	25
Móðir/stjúpmóðir	0,6%	0,5%	0,6%	1,3%	1,6%	2
Giftur inn í fjölskylduna*	4,2%	13,0%	7,4%	5,8%	5,7%	7
Bróðir	15,8%	9,2%	14,8%	8,4%	18,9%	23
Systir	0,6%	0,5%	0,6%	0,6%	0,0%	0
Frændi/frænka**	18,8%	16,2%	19,7%	25,3%	21,3%	26
Afi	7,3%	4,9%	8,0%	7,8%	3,3%	4
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,8%	1
Fjölskylduvinur	17,6%	11,9%	13,0%	8,4%	10,7%	13
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	3,0%	7,3%	11,7%	3,2%	4,9%	6
Vinur/kunningi	4,8%	14,5%	8,6%	10,4%	7,4%	9
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður***	0,0%	1,8%	0,6%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	1,8%	4,3%	1,9%	2,6%	2,5%	3
Annar/önnur	0,6%	1,6%	3,1%	3,9%	2,5%	3
Fagaðili				0,6%	0,0%	0
Óvíst		3,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	165	185	162	154	122	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Í flokknum frændi/frænka eru 2 frænkur og 37 frændur árið 2008, 4 frænkur og 22 frændur árið 2009 en ekki var hægt að sundurliða þær upplýsingar fyrir fyrri ár.

*** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

14b)

Nauðgun	2005	2006	2007	2008	2009	
Faðir/stjúpfaðir*	0,0%	1,7%	0,0%	0,6%	1,9%	3
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna*	0,9%	4,4%	0,0%	0,6%	1,9%	3
Bróðir/stjúpsbróðir	0,0%	0,6%	1,3%	0,0%	2,6%	4
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	1,7%	4,4%	0,6%	0,6%	3,2%	5
Afi	0,0%	2,2%	0,0%	0,6%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	8,6%	12,7%	14,4%	12,1%	11,5%	18
Fjölskylduvinur	2,6%	3,9%	3,1%	3,8%	1,9%	3
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,0%	3,3%	0,6%	0,6%	0,6%	1
Vinur/kunningi	53,4%	34,4%	44,4%	49,7%	39,1%	61
Vinnuveitandi/yfirmaður	3,4%	2,8%	0,0%	0,0%	1,3%	2
Samstarfsmaður**	0,9%	2,8%	1,3%	3,8%	0,0%	0
Ókunnugur	27,6%	24,0%	31,3%	23,6%	29,5%	46
Annar/önnur	0,9%	1,1%	1,9%	3,8%	5,8%	9
Fagaðili				0,0%	0,6%	1
Óvíst		1,1%	1,3%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	116	180	160	157	156	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/

Í töflum 14a) og 14b) eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir sifjaspellum og árum annars vegar og nauðgunum og árum hins vegar. Taflan um sifjaspell sýnir að feður/stjúpfæður, bræður og frændur eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi, miðað við árið 2009.

Þeir sem eru líklegastir til þess að nauðga eru vinir/kunningjar, ókunnugir og makar.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 14a) og 14b) er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 5), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (210) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (370). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við “nauðgun” sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggisst fjöldi ofbeldismanna í töflum 14a) og 14b) eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eda tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 15) Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	274	74,1%
Já	85	23,0%
Óvíst	6	1,6%
Uppl. vantar	5	1,4%
Alls	370	100%

Þessi tafla sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismanninn eða 23%. Þó er það hærra hlutfall en árið 2008 sem nemur 8%


Tafla 16)

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	28	32,9
Hafnaði ofbeldinu	30	35,3
Kenndi mér um ofbeldið	15	17,6
Ekki viss	12	14,1
Alls	85	100,0

Tafla 16) sýnir að í tæplega 53% tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn, kenndi hann brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.

Mynd 17)

Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?



Myndin hér að ofan á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (370) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla 17)

Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	44,2%	50,7%
Gaf gjafir/mútaði	14,2%	5,5%
Kenndi mér um ofbeldið	11,7%	15,1%
Notaði hótanir	26,7%	29,5%
Beitti líkamlegu ofbeldi	9,2%	11,6%
Annað	5,8%	5,5%
Ekki viss	10,8%	7,5%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að um 14% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotþolum en eingöngu 5,5% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og

þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola er 146 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola er 120. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 18)
Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	132	62,9%
2 ofbeldismenn	37	17,6%
3 ofbeldismenn	16	7,6%
4 ofbeldismenn	9	4,3%
5 ofbeldismenn	6	2,9%
6 ofbeldismenn	6	2,9%
7 ofbeldismenn	2	1,0%
Óvíst	2	1,0%
Alls	210	100%


Þessi tafla sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotþola ofbeldi. Eins og sjá má eru þó nokkur tilfelli þar sem um tvo ofbeldismenn er að ræða eða í tæplega 18% tilfella og að í yfir 36% tilfella var um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þá kemur líka fram að það eru allt að 7 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 19)
Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	297	80,3%
Já	46	12,4%
Óvíst	4	1,1%
Uppl. vantar	23	6,2%
Alls	370	100%

Mynd 18)



Af þeim málum sem til Stígámóta bárust árið 2009 vitum við að 12,4% komust til opinberra aðila og er það 1,8% lægra hlutfall en árið 2008. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförunum árum. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígámótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmýnd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta eða alveg. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígámóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar fram á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna og kynhneigð þeirra sem beittir eru ofbeldi. Árið 2008 voru sett ný atriði inn í spurningalista notenda Stígamóta í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2009.

Tafla 19)

Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	157	42,4%
Já	93	25,1%
Stundum	42	11,4%
Óvíst	74	20,0%
Uppl. vantar	4	1,1%
Alls	370	100,0%

Eins og sjá má í töflu 19 er minni hluti ofbeldismanna undir áhrifum áfengis/vímuefna þegar ofbeldið var framið. Yfir 42% þeirra voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og rúmlega 11% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftast en einu sinni).

Tafla 20)

Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar.

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	72	58,1%	45	28,7%
Já	14	11,3%	60	38,2%
Stundum	19	15,3%	13	8,3%
Óvíst	19	15,3%	39	24,8%
Alls	124	100%	157	100%

Eins og taflan hér til hliðar sýnir voru rúmlega 11% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímugjafa og rúmlega 15% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru rúmlega 38% undir áhrifum og rétt yfir 8% voru það stundum. Hlutfall þeirra sem voru undir áhrifum þegar þeir beittu ofbeldinu hefur í öllum ofantöldum

flokkum lækkað frá árinu á undan.

Þetta grefur undan þeirri lífseigu goðsögn að menn sem beiti kynferðisofbeldi séu drykkfelldir og oftast undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar þeir beita ofbeldinu.

Tafla 21)

Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	223	60,3%
Frá Evrópu	19	5,1%
Utan Evrópu	12	3,2%
Blandað þjóðerni	1	0,3%
Óvíst/uppl. vantar	115	31,1%
Alls	370	100%

Undanfarin ár hefur sú umræða verið aukist að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Til að bregðast við þessari umræðu ákváðu Stígamót að kanna hvaða upplýsingar væri hægt að fá um þjóðerni ofbeldismanna. Eins og sést á meðfylgjandi töflu eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 60,3%. Hér ber að hafa í huga að upplýsingar vantar í yfir 31% tilfella og því varhugavert að leggja of mikla túlkun í þessar tölur. Ef eingöngu er miðað við fjölda ofbeldismanna þar sem vitað

er um þjóðerni ofbeldismanna kemur fram að yfir 87% ofbeldismanna eru íslenskir.

Tafla 22)
Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	195	92,9%
Já	7	3,3%
Ekki viss	5	2,4%
Upplýsingar vantar	3	1,4%
Alls	210	100%

Eitt af því sem hefur verið lífseig goðsögn í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi.

Um 93% þeirra sem komu til Stígamóta árið 2009 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 23)
Varstu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið framið?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	93	44,3%
Já	44	21,0%
Stundum	32	15,2%
Var barn (á ekki við)	32	15,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	8	3,8%
Upplýsingar vantar	1	0,5%
Alls	210	100%

Enn ein goðsögnin um kynferðisofbeldi er að konur beri ábyrgð á nauðgun meðal annars með drykkju. Eins og sést á töflu 26) voru rúmlega 44% brotaþola ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Hafa verður í huga að í 15,2% tilfella var um börn að ræða. Stígamót ítreka þó að þó að kona sé drukkin þegar henni er nauðgað ber hún ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því

ofbeldi sem hún er beitt.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2009 var heildarfjöldi ofbeldismanna 401 en það er 19 færri en árið 2008. Það er verulegt áhyggjuefni hversu margir ofbeldismennirnir eru. Eins og fram hefur komið eru sumir þeirra mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja tölur 27-30 á þeim 370 skýrslum sem fylltar voru út af brotaþolum um ofbeldismennina sem beittu þá ofbeldi.

Tafla 24)
Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	341	92,2%
Kona	16	4,3%
Uppl. vantar	13	3,2%
Alls	370	100%

Eins og fyrri ár, eru langflestir ofbeldismennirnir karlar eða yfir 92% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðisofbeldis.

Tafla 25)

Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Undir 10 ára	4	1,1%
11 - 13 ára	25	6,8%
14 - 17 ára	49	13,2%
18 - 29 ára	119	32,2%
30 - 39 ára	68	18,4%
40 - 49 ára	33	8,9%
50 - 59 ára	22	5,9%
60 - 69 ára	8	2,2%
70 - 79 ára	3	0,8%
Ekki viss	35	9,5%
Merkt við fleiri en eitt atriði	4	1,1%
Alls	370	100%

Þessi tafla breyttist örlítið árið 2008 þar sem aldursflokkum í spurningalistum var breytt þá og þeim var svo aftur breytt á síðastliðnu ári.

Taflan er því ekki alveg sambærileg við töflur fyrri ára. Hér eru gerð skil á milli þeirra sem eru undir 18 ára þar sem þeir sem eru yngri en það eru börn.

Taflan sýnir að það er nokkuð algengt að ungir drengir beiti kynferðislegu ofbeldi. Árið 2009 voru 78 ofbeldismenn undir 18 ára eða 21,1% ofbeldismanna. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa „læknisleiki“ barna. Ofbeldið er ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á „besta“ aldri.

Tafla 26)

Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)*	57	15,4%
Einhleyp(ur)	84	22,7%
Í sambandi	21	5,7%
Í sambúð/hjúskap	89	24,1%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	14	3,8%
Ekkja/ekkill	5	1,4%
Ekki viss	97	26,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,5%
Upplýsingar vantar	1	0,3%
Alls	370	100%

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. 35% ofbeldismanna voru eða höfðu verið í sambandi eða sambúð/hjúskap.

* Fjöldi ofbeldismanna hér er ekki sá sami og fjöldi ofbeldismanna undir 18 ára og skýrist mismunurinn á því að í sumum tilfellum skilgreindi brotþoli hjúskaparstöðu ofbeldismanns á unglingsaldri, stundum "einhleypur" og stundum "í sambandi".

Tafla 27)

Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	15	4,1%
Já	80	21,6%
Óvíst	264	71,4%
Uppl. vantar	11	3,0%
Alls	370	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að tæplega 22% ofbeldismanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oft en einu sinni.

Aðstandendur

Árið 2008 voru í fyrsta skiptið notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum. Eins og fram hefur komið, er þetta gert í þeim tilgangi að fá betri mynd af þeim hópi notenda. Það hefur í gegnum árin verið aukning á því að aðstandendur nýti sér þjónustu Stígamóta. Heildarfjöldi aðstandenda árið 2009 voru 39 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda.

Tafla 28)

Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	21	53,8%
Já	11	28,2%
Uppl. vantar	7	17,9%
Alls	39	100%

Í 21 tilfelli þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar. Fram til ársins 2006 fóru slík mál inn í talningu nýrra mála þar sem ekki voru sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur. Árið 2007 komu þessi mál ekki fram sem ný mál þar sem aðstandendur fylltu enga spurningalista út það ár en 2008 og 2009 voru notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur.

Tafla 29a/b)

Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

29a)

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	29	74,4%
Beggja	7	17,9%
Uppl. vantar	3	7,7%
Alls	39	100%

29b)

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	16	41,0%
Maki	9	23,1%
Systkini	3	7,7%
Vinur/vinkona	5	12,8%
Amma/afi	2	5,1%
Tengsl við báða en mism. tengsl	4	10,3%
Alls	39	100%

Flestir aðstandendur eru tengdir brotapolu en nokkrir eru þó tengdir bæði brotapolu og ofbeldismanni. Algengustu tengslin voru foreldrar og þar á eftir komu makar.

Tafla 30)

Kyn aðstandenda

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	8	20,5%
Kona	30	76,9%
Tveir aðilar, karl og kona	1	2,6%
Alls	39	100%

Meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2009, voru konur.



Stigamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is